



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Alþingi - Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/1477
komudagur 11.2.2013

Reykjavík, 8. febrúar 2013
Mál nr. 1212003

**Umsögn, frumvarp til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða, 447. mál
(stærðarmörk krókaafلامarksbáta, strandveiðar).**

Umsögn þessi er sameiginleg frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum fiskvinnslustöðva um ofangreint frumvarp.

Í athugasemdum með frumvarpinu er sagt að lagðar séu til: „... *minniháttar* breytingar á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða til þess annars vegar að skýrgreina mörk milli báta sem hafa leyfi til veiða með krókaafلامarki („krókakerfisins“) og þeirra sem hafa almennt leyfi til veiða með aflamarki og hins vegar til að ná fram *minni háttar breytingum* á reglum um svonefndar strandveiðar.“

Samtökin eru ósammála því að hér sé um minniháttar breytingar að ræða. Með 2. gr. frumvarpsins er lögð til sú grundvallarbreyting að í stað þess að 6.000 tonnum af óslægðum botnfiski verði ráðstafað til svokallaðra strandveiða á hverju fiskveiðiári, skv. 6. gr. a. laga nr. 116/2006, auk þess sem ákveðið hefur verið með bráðabirgðaákvæðum, þá er hlutdeild strandveiða fest við 3,6% af leyfðum heildarafla þorsks og ufsa. Þetta mun leiða til umtalsverðrar aukningar á afla strandveiðibáta miðað við þá aukningu aflaheimilda í þorski sem fyrir séð er að verði á næstu árum vegna uppbyggingar þorskstofnsins. Það er afar ósanngjarnt að þeir sem tóku á sig skerðingar til uppbyggingar stofnsins njóti ekki afrakstursins. Þá stingur það sérstaklega í augun að margir þeir sem nú stunda strandveiðar seldu aflahlutdeild sína til þeirra sem nú þurfa að þola skerðingu vegna strandveiðanna. Þá er rétt að benda á að á síðasta fiskveiðiári veiddu strandveiðibátar 1.154 tonn af ufsa sem jafngildir 2,2% af aflamarki fiskveiðiársins. Þannig eykst skerðing á aflahlutdeild í ufsa vegna strandveiða um meira en 60% á milli fiskveiðiára miðað við sömu heildarúthlutun og nú er.

Samtökin telja að hætta eigi strandveiðum og að fella þær aflaheimildir sem ráðstafað hefur verið til þeirra undir aflahlutdeildarkerfið. Strandveiðar fela í sér sóun verðmæta, en í útgefnu hefti Hagstofunnar „*Hagur veiða og vinnslu*“ fyrir árið 2011 kemur fram að tap af strandveiðum nam 219 milljónum króna á árinu 2011. Verði ekki fallist á það er þess farið á leit að það magn sem kveðið er á um í 6. gr. a. laga nr. 116/2006 verði minnkað.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Stjórnvöld hafa túlkað ákvæði laga um stjórn fiskveiða þannig að ef bátur með krókaafhlutdeild er stækkaður þannig að stærð hans fari yfir 15 BT haldi hann krókaafhlutdeild sinni en óheimilt sé að flytja til hans frekari krókaafhlutdeild og krókaafلامark. Samtökin telja að hér sé um ranga túlkun á lögnum að ræða en miðað við túlkun stjórnvalda á ákvæðinu þá leggjum við til að ákvæði 1. greinar frumvarpsins nái fram að ganga.

Samkvæmt 3. grein frumvarpsins er gert ráð fyrir að í ákvæði til bráðabirgða XII verði kveðið á um að Fiskistofu sé heimilt að umskrá krókaafhlutdeild þeirra báta sem hafa veiðileyfi með krókaafلامarki og voru 15 BT eða stærri 1. nóvember 2012 í aflahlutdeild frá og með fiskveiðiárinu 2013/2014.

Þeir aðilar sem hafa stækkað báta sína umfram 15 BT hafa gert það í þeirri trú, miðað við túlkun stjórnvalda, að þeir haldi krókaafhlutdeild sinni en geti ekki aukið við hana eða flutt krókaafلامark til skipa sinna eftir stækkunina. Með því að breyta krókaafhlutdeildinni í aflahlutdeild væri þeim færðir umtalsverðir fjármunir en eins og kunnugt er aflahlutdeild mun verðmeiri en krókaafhlutdeild. Samtökin leggja til að þetta ákvæði nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Samtök atvinnulífsins

Samtök fiskvinnslustöðva

Landssamband íslenskra útvegsmanna